

# Trúnaðar- og siðferðisyfirlýsing starfsmanna í Grunnskólanum á Hólmarvík.

Byggt á lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla  
og siðareglur kennara frá Kennarasambandi Íslands.

- ❖ Starfsmanni ber að gæta trúnaðar við nemendur og gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- ❖ Starfsmaður skal leitast við að vera nemendum sínum til fyrirmyndar um háttvísi, stundvísi og reglusemi.
- ❖ Starfsmanni ber að hafa jafnrétti og hagsmuni allra nemenda að leiðarljósi, sýna sérhverjum einstaklingi virðingu, áhuga og umhyggju og mega ekki mismuna nemendum t.d. vegna fjölskyldu- og/eða vinatengsla, kyns, sérþarfa, fötlunar eða annars.
- ❖ Starfsmaður skal leitast við að skapa góðan starfsanda, réttlátar starfs- og umgengisreglur og hvetjandi skólaumhverfi.
- ❖ Starfsmönnum ber að vinna saman á faglegan hátt, taka þátt í stefnu skólans og móta daglegt starf í skólanum.
- ❖ Starfsmönnum ber að sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

Staður og dagsetning

Starfsmaður við Grunnskólann á Hólmarvík

Hulda I. Rafnarsdóttir, skólastjóri